



Stjórnarfundur í Þyt, haldinn 3. ágúst 2018.

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Árni Geir Þórmarrson, Karítas Guðmundsdóttir, Sindri Þór Hannesson og Árni Þór Hilmarsson.

1. Gunnar Geir greindi frá að hafnarstjóri hafi tekið vel í að klúbburinn setti gám utan girðingar en gömul samþykkt er til fyrir því. Til að svo geti orðið þarf að kaupa viðbótargám og tengja tvo gáma saman innan girðingar til að útbúa lokaða geymslu fyrir kænur klúbbsins. Málið var rætt og samþykkt að leitast eftir kaupum á hentugum gámi í verkefnið, helst hliðaropnanlegum.
2. Í samhengi við lið 1 hér að ofan var rædd þörf á rekkum fyrir kænur í gámageymslu. Samþykkt var að leita tilboða í rekkana en viðmiðunarverð er 450 þúsund.
3. Rædd þörf á rekkum undir öryggisbáta klúbbsins en slíkur rekki kostar um 130 þúsund. Samþykkt var að kaupa slíkan búnað.
4. Gunnar Geir lagði fram tillögu um kaup á tveimur kerrum undir Lacer báta og gerði grein fyrir tillögunni. Tillagan var samþykkt.
5. Gunnar geir tilkynnti að fyrirhugaðir kaupendur að tveimur Lacer bátum félagsins hefðu hætt við kaupin. Stjórn ítrekaði heimild til handa formanni til að selja bátana ef kaupandi fæst.
6. Lagt til að klúbburinn kaupi 5 ný segl á hverja gerð Lacer ásamt yfirbreiðslum. Tekið var vel í erindið en ákveðið að fresta kaupunum.
7. Rædd kaup á gjaldtökubúnaði fyrir þvottavél. Sindra falið verkefnið.
8. Samþykkt kaup á læsanlegum járnskáp undir varahluti.
9. Innleiðing á hjálmanotkun. Samþykkt var að sækja um styrk til að kaupa hjálma fyrir yngstu iðkendurna.
10. Skoðuð voru flotvesti af tveimur gerðum. Stjórn var sammála um að Gill flotvesti væru mun fýsilegri kostur.
11. Lagt var fram boð Péturs Th Péturssonar um að taka að sér æfingarhóp kæna ásamt fleiru. Erindið var í 5 liðum. Formaður sat hjá við umræðu um erindið. Eftir talsverðar umræður var niðurstaðan sú að eins og erindið er sett fram er aðeins fyrsti liðurinn aðgengilegur.
12. Rædd ný persónuverndarlöggjöf og þau mál sem snerta klúbbstarfið til að mynda myndasafn og skráðar upplýsingar um iðkendur.
13. Ræddar leiðir til að fá þjálfara fyrir næsta ár.

Gunnar Geir Halldórsson formaður

Siglingaklúbburinn Þytor stofnaður 19. apríl 1975